

# Fréttapistill frá forseta Íslands

8. mars 2021

Ég hef þennan vikupistil á því að minnst þess að í dag er Alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Af því tilnefni var [Eliza Reid](#) viðstödd þegar Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og ráðherra jafnréttismála, hringdi opnunarbjöllu Nasdaq Iceland, en kauphallir um heim allan standa fyrir bjölluhringingu í dag til stuðnings við jafnrétt kynjanna. Jafnréttisbaráttan er stöðugt verkefni okkar allra.

Uggur einkenndi nýliðna viku. Jarðhræringum á Reykjanesskaga linnir ekki, þar gæti gosið og ný veirusmit gætu leitt til nýrrar bylgju í þessari skæðu farsótt. Blessunarlega njótum við þess að hér eru hús sterkbyggð og sérfræðingar vita sínu viti um jarðskjálfta og líkur á eldsumbrotum þótt þeir búi að sjálfsögðu ekki yfir órækri spádómsgáfu. Veiruna erum við líka farin að þekkja, vitum hvaða varnir duga best. Hér minni ég á þann samfélagssáttmála sem finna má á upplýsingasíðunni góðu um Covid-19: <https://www.covid.is/samfelagssattmali>

Með þessum pistli birti ég mynd úr gönguferð sem ég fór í haust með útivistargörpunum Ólafi Má Björnssyni og Tómasi Guðbjartssyni, auk læknanema í umsjá Tómasar. Við gengum um Sogin, magnaðan stað í grennd við Keili, Þráinsskjaldarhraun, Litla-Hrút og þessa staði sem við þekkjum svo vel af fregnum síðustu daga. Og enn sendi ég Suðurnesjamönnum góðar kveðjur. Þótt við hér á Bessastöðum finnum vel fyrir stærstu skjálftunum er það ekkert miðað við þá skelli sem dynja yfir í Grindavík og víða annars staðar. Þar skelfur jörð svo skarpt að fólki verður ekki svefnsamt.

Á mánudaginn var birti ég bréf mitt til Emanuels Macron Frakklandsforseta. Í því vakti ég athygli á því mikla afreki sem læknameymi unnu þar í landi þegar handleggir voru græddir á landa okkar, Guðmund Felix Grétarsson. Hann er nú í endurhæfingu á nýjum stað ytra og gengur hún að óskum þótt enn sé langt í land og óvíst um lokaárangur. En ekki vantar Guðmund viljastyrk og æðruleysi – eða skopskyn. „Það þarf ekki að taka það fram en ég tók bara handfarangur,“ sagði hann um vistaskiptin.

Þriðjudaginn 2. mars minntist ég þess í tísti (<https://bit.ly/38kH890>) að þann dag fagnaði Mikhaíl Gorbatsjov níraðisafmæli. Gorbatsjov var síðasti þjóðarleiðtogi Sovétríkjanna. Skömmu eftir að hann komst til valda eystra árið 1985 stóð hann að umbótum í frjálsræðisátt sem áttu að bæta hag ríkisins og auka frelsi borgaranna. Vissulega nutu íbúar þess að geta í auknum mæli um frjálst höfuð strokið en efnahagurinn var áfram í kalda koli. Þjóðfélagsgerðinni og stjórnarfarinu var um að kenna og þjóðir, sem höfðu verið hneptar í fjötra, kröfðust sjálfstæðis. Meta verður við Gorbatsjov að hann vildi ekki una við óbreytt ástand og hann vildi ekki heldur brjóta hvers kyns andóf á bak aftur með öllum tiltækum ráðum. Hér á Íslandi minnumst við jafnframt sérstaklega leiðtogafundar þeirra Gorbatsjovs og Ronalds Reagans árið 1986. Sá viðburður markaði viss tímamót í sögu kalda stríðsins.

Hinn 3. mars ár hvert er Dagur heyrnar um víða veröld. Af því tilefni kynnti ég mér starfsemi Heyrnar- og talmeinafstöðvar Íslands í Reykjavík, sögu hennar og

framtíðaráform. Ég þakka Kristjáni Sverrissyni forstjóra og öðru starfsliði fyrir góðar móttökur og er hægt að fræðast nánar um heimsókn mína hér: [forseti.is/fréttir/2021-03-03-heyrnar-og-talmeinstoeð-íslands/](https://forseti.is/fréttir/2021-03-03-heyrnar-og-talmeinstoeð-íslands/)

Ég nefni líka hér að ég átti gott spjall við ungan dreng, Finn Arason, sem hefur notið góðs af kuðungsígræðslu. Það hjálpartæki gefur alvarlega heyrnarskertu og heyrnarlausu fólki möguleika á að heyra hljóð og er enn eitt dæmi um mátt vísinda og þekkingar þegar rétt er á málum haldið.

Þess má einnig til gamans geta að ég fór í heyrnarmælingu og reyndist heyrnin í góðu lagi. Hitt veit ég þó að í minni ætt gerist það gjarnan að fólki tekur að daprast heyrn um miðjan aldur. Komi til þess í mínum kolli er það á hreinu í þeim sama kolli að ég mun nýta mér þá tækni sem er í boði til að vega á móti þeim kvilla. Fyrr á tíð voru heyrnartæki stærri en nú er, ekki eins góð og þótti jafnvel feimnismál að bera slíkan búnað. Allt horfir þetta til betri vegar.

Síðastliðinn fimmtudag átti ég fund með Viðari Halldórssyni, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands. Við höfum áður hist og rætt mikilvægi íþróttta í öfluglu samfélagi. Í þessu samtali barst talið m.a. að ótvíræðum árangri Íslands í afreksíþróttum á alþjóðavettvangi. Sú velgengni hefur víða vakið athygli og þykja viðurkenndar aðferðir og sjónarmið í þjálfun ungmenna hér vera til eftirbreytni. Einnig ræddum við um leiðir til að efla og tryggja jafnrétti kynja í æskulýðs- og íþróttastarfi. Sem betur fer hefur margt breyst frá því að það þótti eðlilegt og sjálfsagt að stúlkur væru settar skör neðar en drengir í starfsemi íþróttafélaga. Einnig ræddum við um nauðsyn þess að hlúa vel að öllum börnum og ungmönnum sem vilja iðka íþróttir, bæði þeim sem sækjast eftir því að leggja hart að sér og hinum sem leita fyrst og fremst að ánægju, hreyfingu og félagsskap. Þetta er víða gert vel eins og dæmin sanna. Loks ræddum við þann vanda að mörg ungmenni hætta allri íþróttaiðkun um svipað leyti og grunnskóla lýkur. Vætanlega þurfa fleiri kostir þá að vera í boði fyrir þau, jafnvel fleiri íþróttagreinar og fjölbreytni í æfingaálagi.

Þennan dag, fimmtudaginn 4. mars, átti ég einnig fund með forystusveit Hróa hattar, góðgerðarsamtaka sem styrkja ungmenni í skólum landsins. Þetta er gert í samvinnu við stjórnendur grunnskóla sem vita hvar skórinn kreppir. Um 90 grunnskólar vinna með félaginu og renna allar tekjur þess til þessa starfs, allt er unnið í sjálfböðavinnu. Mér er það heiður að vera verndari Hróa hattar.

Loks hitti ég Harald Þorleifsson að máli þennan fimmtudag. Haraldur er frumkvöðull og stofnandi hönnunarfyrtækisins Ueno sem var selt til alþjóðarísans Twitter í ársbyrjun. Við ræddum um aðgengismál og leiðir til að tryggja sem best að fólk komist leiðar sinnar um borg og bý. Nánari upplýsingar um fund okkar má sjá hér: [forseti.is/fréttir/2021-03-04-aðgengismal/](https://forseti.is/fréttir/2021-03-04-aðgengismal/)

Á föstudaginn var minntist ég merkra tímamóta í eigin lífi og jafnvel í sögu þessa embættis. Þann dag var rétt ár frá því að ég var síðast í útlöndum. Senn kemur að því að utanferðir aukast á ný en þess má þó vænta að farsóttin hafi breytt sumu til frambúðar, að við ferðumst til dæmis ögn minna í embættiserindum og notum fjárfundi frekar meira.

Laugardaginn 6. mars minntist ég annarra tímamóta í pistli á þessari fésbókarsíðu. Þann dag árið 1950 synjaði Sveinn Björnsson forseti þeirra ósk Ólafs Thors forsætisráðherra að þing yrði rofið. Þetta fordæmi má hafa í huga í umræðum líðandi stundar um ákvæði stjórnarskrár um þingrof.

Að kvöldi dags tókst mér svo vonum seinna að sækja opnunartónleika Listahátíðar í Reykjavík 2020. Þeim þurfti að fresta eins og kunnugt er vegna heimsfaraldursins. Víkingur Heiðar Ólafsson skemmti gestum í Hörpu í Reykjavík með listfengi sínu og fengur var að hlýlegu og fróðlegu spjalli hans inn á milli. Víkingur Heiðar gat sér þess til að tónleikarnir væru jafnvel með þeim fjölsóttustu í heiminum nú um stundir. Víða annars staðar eru strangar hömlur á mannamót og megum við þakka fyrir hve vel hefur gengið hér að stemma stigu við útbreiðslu veirunnar. Því brýnna er að við sinnum áfram eigin sóttvörnum eftir bestu getu og komum í veg fyrir að smit berist hingað að utan.

Eins brýnt er þó að við höldum stillingu okkar. Sama gildir um þær jarðhræringar sem nú gætir á Reykjaneskaga. Verum við öllu búin en höldum samt ró okkar. Ég óska ykkur öllum velfarnaðar.